

HS Veitur hf.
Kt. 431208-0590
Brekustíg 36
260 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 16. mars 2020

Staðfesting vegna skuldabréfaflokka HSVE 13 01 og HSVE 18 01

Deloitte ehf. gegnir eftirlitshlutverki með skuldabréfaflokkum HS Veitna hf. sem gefnir voru út í janúar 2013 og janúar 2018.

Staðfesting þessi miðast við stöðu HS Veitna hf. þann 31.12.2019 en ársreikningur ársins 2019 var undirritaður þann 28. febrúar 2020.

Sem eftirlitsaðili með skuldabréfaflokknum voru eftirfarandi atriði yfirfarin:

- Útreikningar útgefanda á skilyrðum skuldabréfaflokksins
- Hvort upplýsingaskylda væri uppfyllt
- Hvort breytingar væru á grundvallar rekstrarþáttum
- Hvort breytingar væru á einkaleyfi
- Hvort breytingar væru á eignarhaldi umfram reglur
- Hvort breytingar væru á veðsetningu eigna og áhrif
- Hvort takmörkun á vaxtaberandi skuldum væri ekki örugglega fylgt
- Hvort breytingar væru á starfsemi félagsins
- Hvort viðmið vegna arðgreiðslna væri fylgt
- Hvort vanskil væru til staðar

Niðurstaða skoðunarinnar er að öllum skilyrðum skuldabréfaflokksins hefur verið fylgt og engar athugasemdir eru gerðar.

Virðingarfyllst,


Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi